## Skemmtilegt rekstrartækifæri

Veitingarekstur Gamla barnaskólans, Skógum, Fnjóskadal er til leigu. Um er að ræða tvo sali er henta fyrir kaffihúsarekstur, listsýningar, handverkssölu, sem vinnustofur o.fl.
Staðsetningin er frábær, við eystri munna Vaðlaheiðarganga.

Óskum eftir tilboðum í reksturinn.
Nánari upplýsingar í síma 8498902.



## Guðsþjónusta

verður í Skútustaðakirkju næstkomandi
sunnudag 13.mars, klukkan 14:00.
Organisti og kórstjóri er Attila Szebik.
„Gefðu heiminum það besta sem þú getur, og það nær áreiðanlega skammt. – Gefðu samt það besta sem þú getur. (Úr bókinni „Orð í gleði“ tekið saman af Karli Sigurbjörnssyni.)
Eigum notarlega stund í kirkjunni okkar!

Verið velkomin!


7.tbl.
9. mars 2022
29 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*






# Tónkvísl 2022

verður haldin laugardaginn 19.mars næstkomandi í

íþróttahúsinu á Laugum. Hefst klukkan 19:00.

Taktu daginn frá!

# Opinn fundur um sveitarstjórnarmál

Hópur áhugafólks um sveitarstjórnarmál vinnur þessa dagana að framboði vegna kosninga í sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar nú í vor.

Boðað er til opins fundar þar sem öll áhugasöm um málefni samfélagsins eru hvött til að koma og eiga gott samtal.

**Fundurinn verður haldinn í Dalakofanum,**
**fimmtudaginn 10. mars kl 16:30.**

*Hvað er okkur mikilvægast sem samfélag á komandi kjörtímabili?*
*Hver eru stærstu verkefni nýs sveitarfélags?*
*Hvaða mál á að setja á oddinn?*
*Hvað hefur verið vel gert?*
*Úr hverju þarf að bæta?*

Sjáumst hress!

Alma Dröfn Benediktsdóttir
Arnór Benónýsson
Árni Pétur Hilmarsson
Dagbjört Bjarnadóttir
Elísabet Sigurðardóttir
Helgi Héðinsson
Jóna Björg Hlöðversdóttir
Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir
Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson
Sigurður Guðni Böðvarsson

# Ertu að leita að sumarstarfi?

Skógræktin óskar eftir fólki til vinnu á tjald- og hjólhýsasvæðum í Vaglaskógi sumarið 2022.

- Um er að ræða sumarstarf frá því í lok maí og fram yfir miðjan ágúst.
- Í starfinu felst meðal annars að sjá um innheimtu, þrif, umhirðu og eftirlit.
- Oft er um að ræða mikla vinnu og þannig möguleiki á ágætum sumartekjum.

**Skilyrði**

- Vera orðin 18 ára.
- Hafa bílpróf.
- Lágmarks tungumálakunnátta: Íslenska og enska.
- Að eiga auðvelt með mannleg samskipti.
- Vera sjálfstæð/ur og drífandi.
- Vera tilbúinn til vinnu um helgar.

Launakjör skv. kjarasamningi Starfgreinasambandsins.
Í boði er ókeypis húsnæði fyrir starfsfólk.

Upplýsingar veitir: Rúnar Ísleifsson sími: 896 3112 og email: runar@skogur.is



# Messa á Grenjaðarstað

Sameiginleg messa Einarsstaða– Nes– og Grenjað-arstaðasókna verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag 13. mars klukkan 11:00.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.